Ár 1974, fimmtudaginn 9. maí, var í málinu nr. 52/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að í fasteignamati er Póst- og símamálastjórnin skráður eigandi fasteignar við Hraunsá í Eyrarbakkahreppi (fasteignanúmer 8703-24001). Er þar talið, að um sé að ræða land, sem metið er á kr. 100.000,oo, hús, sem metið er á kr. 571.000,- og útihús, sem metið er á kr. 437.000,oo.

Með bréfi, dags. 26. október 1973, kærði Póst- og símamálastjórnin ofangreint mat til lækkunar. Var málið sent millimatsmönnum til meðferðar, en þeir höfnuðu kærunni í bréfi 6. desember 1973. Í bréfi, dags. 27. febrúar 1974, kærði Póst- og símamálastjórnin síðastgreinda úrlausn til Yfirfasteignamatsnefndar.

Að tilhlutan Yfirfasteignamatsnefndar hefur farið fram könnun á ofangreindri eign. Mannvirki það, sem í fasteignamati er metið á kr. 437.000,oo hefur verið rifið og stendur aðeins eftir steypt gólfplata. Ber því að taka það af fasteignaskrá og fella niður mat á því. Hitt húsið stendur enn. Var það upphaflega byggt sem vélahús fyrir fjarskiptastöð, en sá búnaður hefur verið fjarlægður og stendur húsið nú ónotað. Með tilliti til þess, að notagildi þessa mannvirkis er verulega takmarkað til annarra nota en það var ætlað til í upphafi og svo til ásigkomulags þess, telst fasteignamatsverð þess hæfilega ákveðið kr. 165.000,oo. Landið, sem mun vera 43.020 m² að stærð, telst hæfilega metið til fasteignamatsverðs á kr. 65.000,-.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Ofangreint mannvirki er tekið af fasteignaskrá. Fasteignamatsverð fasteignarinnar í heild ákveðst kr. 230.000,oo.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson                    Pálmi Jónsson